

UMHVERFIS
STOFNUN

Terra Efnaeyðing hf.
Berghellu 1
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 2. nóvember 2023
UST202310-316/H.G.
08.14.01

Yfirfærsla starfsleyfis - Terra

Vísað er til umsóknar Terra Efnaeyðingar hf., kt. 691298-2729 og Terra Umhverfisþjónustu hf., kt. 410283-0349, sem barst stofnuninni þann dags, þar sem óskað er eftir því að færa starfsleyfi Terra Efnaeyðingar hf. yfir á Terra Umhverfisþjónustu hf. Starfsleyfi Terra efnaeyðingar hf., kt., sem áður hét Efnamóttakan hf. sem svo sameinaðist Gámaþjónustunni hf., heimilar móttöku, flokkun og pökkun spilliefna og annarra úrgangsefna sem þurfa sérstaka meðhöndlun og forvinnslu fyrir endurvinnslu eða förgun. Starfsleyfið var gefið út dags. 9. september 2015 og gildir til 9. september 2031.

Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um færslu starfsleyfisins, sem er breyting á starfsleyfi, sbr. 14. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ekki er um að ræða breytingar á starfsleyfisskilyrðum. Með þessari ákvörðun færast réttindi og skyldur varðandi starfsleyfið yfir til Terra Umhverfisþjónustu hf.

Gjald vegna færslu starfsleyfisins verður innheimt hjá núverandi handhafa starfsleyfis eða Terra Umhverfisþjónustu hf., skv. 4. mgr. 4. gr. gjaldskrár stofnunarinnar nr. 206/2023.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um færslu starfsleyfisins er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá dagssetningu þessa bréfs, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllt,

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Hlín Gísladóttir
lögfræðingur

Afrit sent á Terra Umhverfisþjónustu hf.